

AUGLÝSING um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Hamarssel, uppbygging gistihúsa fyrir ferðamenn.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 14. febrúar 2019 deiliskipulag vegna uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu í Hamarsseli. Deiliskipulagið felur í sér byggingu gistihúsa fyrir ferðamenn, gerð bílastæða og göngustíga.

Áningarstaður í Fossárvík.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. september 2019 deiliskipulag vegna uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu í Fossárvík. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu þjónustuhúss, uppbyggingu stígakerfis og útsýnispalla auk bílastæða.

Djúpivogur, efsti hluti Borgarlands.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. september 2019 deiliskipulag vegna uppbyggingar íbúðarsvæða við Borgarland á Djúpavogi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu einbýlishúsa og parhúss, auk bílastæða og göngustíga.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, 21. október 2019,

Páll Jakob Línal aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa.